

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 2002

11. apríl 2002

913

Nr. 288

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 251/2002 og um niðurfellingu reglugerða.

1. gr.

Í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 251/2002 um brennsisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings falla niður orðin: af völdum ósons.

2. gr.

Reglugerð nr. 789/1999 um styrk kolmónoxíðs og fallryks í andrúmslofti, reglugerð nr. 790/1999 um brennisteinsdíoxíð og svifryk í andrúmslofti, reglugerð nr. 792/1999 um blý í andrúmslofti og reglugerð nr. 793/1999 um köfnunarefnisdíoxíð í andrúmslofti falla úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. apríl 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

9. apríl 2002

Nr. 289

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl.,
nr. 574/1991, með síðari breytingum.**

1. gr.

63. gr. orðist svo:

Umsækjandi um viðbótarvottorð, sem hefur ekki heimilisfesti hér á landi, skal hafa umboðsmann, búsettan á EES-svæðinu, sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal fært í einkaleyfaskrá.